

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 516/2007

2009/EES/25/49

frá 10. maí 2007

um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fódri (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri <sup>(1)</sup>, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri <sup>(2)</sup>, einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fódur.

2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fódri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsókn um leyfi fyrir aukefninu, sem er skráð í viðaukanum við þessa reglugerð, var lögð fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Fyrstu athugasemdirnar um þessar umsóknir, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessar umsóknir áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

5) Notkun ensímlöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa EC 3.2.1.8, framleiddur með *Bacillus subtilis* (LMG S-15136) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 261/2003 <sup>(3)</sup> og fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2188/2002 <sup>(4)</sup>. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímlöndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa, án tímamarka, notkun þessarar ensímlöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.6) Athugun á þessari umsókn sýnir að ákveðnar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd skal tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(5)</sup>.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum, er leyfð án tímamarka sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 122, 11.5.2007, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á 1. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, 8.5.2008, p. 9.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 37, 13.3.2003, bls. 12.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 333, 10.12.2002, bls. 5.<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

---

VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámark saldur	Lágmarksinn ihald	Hámarksinni hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virkniefningar/kg heilföðurs			
<b>Ensím</b>								
E 1606	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Bacillus subtilis</i> (LMG S-15136), með virkni að lágmarki:  Fast og fljótandi form:  endó-1,4-beta-xýlanasi: 100 IU <sup>(1)</sup> /g eða ml	Eldissvín	—	10 IU	—	<ol style="list-style-type: none"> <li>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun.</li> <li>Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: 10 IU</li> <li>Til nota í fôðurlöndur, auðugar af arabínoxýlani, t.d. að lágmarki 40 % hveiti.</li> </ol>	Án tímamarka
			Eldiskalkúnar	—	10 IU	—	<ol style="list-style-type: none"> <li>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun.</li> <li>Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: 10 IU</li> <li>Til nota í fôðurlöndur, auðugar af arabínoxýlani, t.d. að lágmarki 40 % hveiti.</li> </ol>	Án tímamarka

<sup>(1)</sup> 1 IU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkromól afoxandi sykra (gefið upp sem xýlösajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birkiviði við pH 4,5 og 30 °C.